



**Samband íslenskra  
kvikmyndaframleiðenda**

## **Skýrsla stjórnar starfsárið 2017-2018**

### **Stjórnarmenn**

*Kristinn Þórðarson formaður*

*Guðrún Edda Þórhannesdóttir ritari*

*Hilmar Sigurðsson gjaldkeri*

*Guðbergur Davíðsson meðstjórnandi*

*Lilja Snorradóttir meðstjórnandi*

*Júlíus Kemp varamaður*

*Hlín Jóhannesdóttir varamaður*



Stjórn SÍK 2017-2018 var kjörin á aðalfundi í nóvember 2017. Hana skipa Kristinn Þórðarson – formaður, Guðrún Edda Þórhannesdóttir – ritari, Hilmar Sigurðsson – gjaldkeri, Guðbergur Davíðsson og Lilja Ósk Snorradóttir meðstjórnendur. Júlíus Kemp og Hlín Jóhannesdóttir eru varamenn í stjórn. Á hvern stjórnarfund eru boðaðir bæði aðal- og varamenn og telst fundurinn löglegur séu þrír eða fleiri mættir skv. 3. gr. samþykka sambandsins.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 6 stjórnarfundir, auk funda við ráðherra ríkistjórnarinnar. Á tímabilinu hefur verið unnið í málum á vegum SÍK og verða þau helstu rakin hér.

Innan SÍK starfa nú 28 virk fyrirtæki kvikmyndaframleiðenda. Á starfsárinu hafa fjögur félög hætt en á móti kemur að Republic, Compass og Hero hafa sótt um aðild og tvö önnur hafa list áhuga á að gerast aðilar SÍK.

### **Hagtölur greinarinnar**

Velta í framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni árið 2017 voru um 11,3 milljarðar króna og var það nokku minna en árið á undan, sem var metár í veltu í greininni. Mikil veltuaukning hefur hinsvegar verið í kvikmynda- myndbanda- og sjónvarpsframleiðslu síðustu ár en veltan hefur nánast fjórfaldast síðan árið 2010. Samanlögð velta á 10 ára tímabili 2009-2017 er yfir 100 milljarða. Það er því sannarlega hægt að segja að það sé heilmikill uppgangur í greininni.

### **Aukið fé til kvikmyndasjóðs og leikið efni fyrir sjónvarp**

Þann 22. febrúar var fundur í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu með formanni SÍK, Lilju Alfreðsdóttur ráðherra mennta- og menningarmála og aðilum frá SI vegna málefna SÍK. Umræður á fundinum voru góðar og sýndi ráðherra mikinn áhuga á þeim mikilvæga iðnaði sem kvikmynda- og sjónvarpsframleiðsla er og mikilvægi þess að framleiða íslenskt leikið efni fyrir Íslendinga. Í kjölfarið fundarins var sent minnisblað um þróun sjónvarpsþáttaframleiðslu á Íslandi til að styrkja og svara fyrir þau málefni sem rædd voru á fundinum.

Eins og rætt var á síðasta aðalfundi er hugmyndin sú að skora á ráðherra að stofna fjárfestingsjóð líkt og norræni sjóðurinn með þau markmið að byggja enn frekar undir leikið sjónvarpsefni. Eins og áður segir tók ráðherra vel í hugmyndir okkar, sérstaklega að efnið sé unnið á íslensku, hefur mikla útbreiðslu um allan heim og að stór hluti fjármagnsins kemur erlendis frá og er því gjaldeyrstekjur.

Það er stefna okkar að eitthvað gerist í þessu máli á þessu ári samhliða því að reyna enn frekar að auka við fé í kvikmyndasjóð þegar samningurinn rennur út á næsta ári. En með því að stofna sérstakan sjónvarpssjóð þá myndi kvikmyndasjóður eingöngu sinna kvikmyndum og heimildarmyndum ásamt stuttmyndum og þá strax myndast meira fjármagn fyrir þau verkefni.

Við erum svo að vinna í Bjarna Benediktssyni um að standa við loforð sitt og fá greiddar þær auka 250 M ísk sem hann lofaði okkur árið 2016 þegar hann var fjármálaráðherra. Við bindum því vonir við að 125 M ísk komi til viðbótar á þessu ári og það sama á því næsta.



### **IHM tekjur greiddar út**

Í apríl á þessu ári voru greiddar út IHM tekjur ársins, annars vegar vegna árána 2013-2015 og hinsvegar vegna ársins 2016. Samtals voru greiddar út rétt tæplega 20 M króna og ber því að fagna. Gera má ráð fyrir að svipuð upphæð verði greidd út á þessu ári vegna ársins 2017 og gerum við ráð fyrir að greiðslur verði fyrr á ferðinni í þetta skipti. Auglýst verður eftir umsóknum um leið og greiðslur frá IHM koma inn en áður en það verður, er ljóst að breyta þarf úthlutunarreglum SÍK vegna IHM tekna. Kostnaður af úthlutun var um 1,1 m króna sem fór í sérfræðiþjónustu og til að kaupa upplýsingar um áhorf.

Þar sem tekjur SÍK voru í fyrsta skipti jákvæðar eftir mögur ár voru stjórnarlaus gerð upp á síðasta ári og gert upp allt frá árinu 2013 sem stóð í bókum samandsins. Allaraðrar skuldir voru jafnframt greiddar upp og er SÍK skuldlaus um áramót. Auk þessa voru bæði Eddan og Stockfish kvikmyndahátíðin styrkt en skýrt tekið fram að um einskisstyrki væri að ræða.

### **RÚV og staða þess gagnvart framleiðendum**

Samtöl eru hafin milli RUV og SÍK vegna ákveðinna málefna er snerta framleiðendur. Málefni snúast meðal annars um lækun sýningarréttargjalds og myndun eignarhluta með opinberu fjármagni. Mikilvægt er að hagsmunaðailar ræði þessi mál svo að tilgangur þeirra og sameiginlegur skilningur sé á hreinu.

Þetta er ný stefna hjá RÚV sem þarf að fara betur yfir og tryggja ákveðið gangsaði. Auk þess þarf að samræma aðgerðir og fara yfir hvaða áhrif þetta hefur á úthlutanir KMÍ sem hefur gert athugasemdir við aðgerðir RÚV. Spurningin er m.a. hvort RÚV sé leyfilegt að vera meðframleiðandi og sækja jafnframt í styrki KMÍ.

### **AGICOA tekjur til SÍK**

Einsog kom frá á síðasta aðalfundi þá tókust samningar við Agicoa og var skrifað undir samning á þessu ári. Var um eingreiðslu að ræða og bætur greiddar frá árinu 2001. Í framhaldinu verður svo greitt út úr sjóði Agicoa á hverju ári til íslenskra framleiðenda og kemur í ljós á þessu ári hvað ársgreiðslan verður há.

Eftir stendur að ennþá á eftir að gera upp eingreiðsluna til SÍK sem er uppá kr.25.754.739. Þar sem erfitt er að gera upp og nálgast upplýsingar varðandi fyrri hluta þess tímabils leggur stjórn SÍK til að þriðjungur upphæðarinnar renni til SÍK sem hefur annast rekstur þessa máls í langan tíma, en tveimur þriðja verði úthlutað til framleiðenda. Væri þá einfaldast að styðjast við skýrslur fyrri úthlutana IHM og haga skiptingu fjármagnsins á þann hátt.

### **Breyting á lögum KMÍ**

Menntamálaráðneytið kynnti í vetur tillögur að breytingu laga og voru aðalrökin að Ísland þarf að samræma ákveðin lög við reglur ESA. Hinsvegar hélt ráðneytið lengra og gerði tillögur að frekari



breytingum á lögnum. Þó svo að áætlun þeirra hafi eflaust verið jákvæð og til þess gerð að bæta löginn voru flestar tillögurnar vanhugsaðar og gerðu illt verra. Bæði KMÍ og öll þrjú fagfélögin sendu inn athugasemdir og fylgja athugasemdir fagfélagana þessari skýrslu. Við sátum svo fund með alsherjar- og menntamálanefndar í þessari viku þar sem við gerðum grein fyrir athugasemdum okkar. Okkar niðurstaða var sú að bíða með breytingar á lögum frammá haust þing og vinna þær breytingar almennilega. Nokkrar af okkar tillögum voru að stjórn yrði sett yfir sjóðinn, að það væri almennileg skilgreining á því hvað framleiðandi er og að samkomlag fagfélaganna og ráðneytisins verði sett inni löginn.

### **Kvikmyndaráð**

SÍK er sammála aðilum kvikmyndaráðs um að gera ráðið virkara og sterkara. Það mætti til að mynda nýta ráðið betur í að vinna í stjórnálamönnum greininni til hagsbóta.

### **Samningar við FÍL**

FÍL sagði upp samningi við SÍK árið 2015 og hafa ekki neinir samningar verið gerðir síðan. Viðræður hafa staðið yfir á tímabilinu, þó með hléum. FÍL leggur ríka áherslu á að fá hækkun á taxta til sinna meðlima og hefur SÍK ekki getað samþykkt það, aðallega vegna þess að engin aukning hefur orðið á framlögum KMÍ og því lítið svigrúm til hækkana. Viðræður hafa þó verið á mjög vinarlegum nótum og vonast SÍK eftir að getað gengið til samninga sem fyrst, en háð því að aukið fjármagn komi inn í KMÍ.

### **FK samningar**

Sama má segja um samninga á milli FK og SÍK. Það var fundur í fyrra með FK þar sem félagið fór fram á sérsamninga Rafiðnaðarsambandsins við SA fyrir meðlimi FK. SA hefur mjög skýra stefnu í þessum málum og hafnar alfarið að gera sérsamninga við aðildarfélög Rafiðnaðarsambandsins. Ekkert varð því af frekari viðræðum við FK í bili og er staðan því óbreytt og ekkert aðhafst að hálfu SÍK og SA. Sjálfsagt er þó að áréttu við framleiðendur að fara að almennum lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og gæta að öryggismálum á tökustöðum og öðrum starfsstöðvum.

### **Viljayfirlýsing við Myndstef**

Viljayfirlýsing við Myndstef var undirrituð á árinu og í samræmi við þá samninga sem kynntir voru á síðasta aðalfundi. Telur SÍK að vel hafi tekist til og að yfirlýsingin muni auðvelda meðferð þessara mála í framtíðinni.

### **Samstarf SÍK og SI**

Í undirbúningi er upplýsingagjöf til aðildarfélaga í SÍK varðandi innheimtu á félagsgjöldum. Félagsmönnum er bent á gildandi samninga milli SI og SÍK varðandi greiðslu félagsmanna. Bréf þess efnis verður sent félagsmönnum innan tíðar.

### **Kvikmyndaskóli Íslands**

Í janúar var send áskorun á Mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna Kvikmyndaskóla Íslands. Þar var skorað á stjórnvöld að tryggja Kvikmyndaskóla Íslands eðlilegt rekstrarfé svo hann geti áfram sinnt



Því mikilvæga hlutverki sínu að mennta starfsfólk til greinarinnar. Tryggja verður til lengri tíma að fjármagn til kvikmyndamenntunar sé í takt við stækkun iðnaðarins og fjárveitingar séu í samræmi við það sem tíðkast í öðrum atvinnugreinum.

### **Höfundaréttarnefnd**

SÍK tilnefndi nýjan fulltrúa í höfundarréttarnefnd í apríl 2018. Tómas Þorvaldsson, hdl var tilnefndur til áframhaldandi setu í nefndinni.

### **Styrkur til áfrýjunar dómsmáls**

Stjórn SÍK samþykkti að styrkja áfrýjun dómsmáls til Landsréttar sem eitt af aðildarfélögum SÍK er aðili að sökum þess að í dómi Héraðsdóms var felldur dómur sem getur haft víðtæk áhrif á öll aðildarfélög SÍK um túlkun á verktakavinnu og vinnuframlags verktaka. Ef áfrýjun málsins vinnst, verður SÍK endurgreidd þessi fjárhæð.

### **Kóramálið**

Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið felldi úrskurð í kæru Sagafilm um að þátturinn Kórar Íslands stæðist menningarhluta skilyrða fyrir endurgreiðslu. Nú er beðið eftir niðurstöðu endurgreiðslunefndar við úrskurði ráðuneytisins.

Það þarf hinsvegar að halda áfram að ræða við ráðuneytið almennt um reynsluna af þessu máli og fleirum og hvort þurfi að gera umbætur á endurgreiðslukerfinu og spurningin er hvort að verið sé að ná þeim markmiðum sem löggin stefndu að, auk þess sem ræða þarf við ráðuneytið um núverandi tilhögun afgreiðslu hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands.

### **Viðbrögð SÍK við ráðningarsamnings forstöðumanns KMI**

Í apríl sendi SÍK erindi til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna framlengingu ráðningarsamnings forstöðumanns KMI og þeirra mistaka sem áttu sér stað hjá ráðuneytinu varðandi dagsetningar. SÍK vísaði í ályktun frá aðalfundi sambandsins sem haldinn var 16. nóvember 2017, þar sem skorað var á ráðherra mennta- og menningarmála að auglýsa stöðu forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands þegar ráðningartími núverandi forstöðumanns rynni út á árinu 2018. Auk þessa kom fram í erindinu að starfsemi KMI væri mikilvæg íslenskri kvikmyndagerð og að SÍK teldi að efla þurfi stofnunina, auka fjármagn og skerpa á áherslum, m.a. með því að yfir stofnuninni sé starfandi stjórn.

### **Aðild og þátttaka í öðrum félögum**

SÍK hefur áfram tekið þátt í **alþjóðlegu samstarfi í gegnum FIAPF** og þaðan fáum við mikilvægar upplýsingar og erum með öflugan málsvara fyrir okkar hagsmunamál, bæði í Evrópu og á heimsvísu. FIAPF vinnur m.a. að höfundarréttarmálum kvikmyndaframleiðenda og með alþjóðlegum stofnunum um höfundarréttarvernd. Auk þess hefur FIAPF verið í forsvari fyrir almenn rétthafamál, leyfissamninga, samninga við leikstjóra og höfunda svo fátt eitt sé nefnt. FIAPF er jafnframt eftirlitsaðili með helstu kvikmyndahátíðum í heiminum. Formaður hefur setið aðalfundi FIAPF í Berlín og í Cannes.



SÍK er einn af þremur aðilum í Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunni sem heldur Edduhátíðina á hverju ári, auk þess að standa fyrir vali á framlagi Íslands til Óskarsverðlaunanna fyrir bestu erlendu kvikmyndina. Hlín Jóhannesdóttir er fulltrúi SÍK og formaður stjórnar ÍKSA.

SÍK er aðili að Stockfish eins og önnur fagfélög kvikmyndagerðarmanna. Hátíðin var haldin í fjórða sinn í mars og er því að slíta barnsskónum. Illa hefur gengið að fá fjármagn í hátíðina en þessa dagana funda fagfélögin um það hvernig eigi að standa að hátíðinni í framtíðinni.

Samstarfið í stjórn SÍK frá síðasta aðalfundi hefur verið mjög gott og hafa allir meðlimir stjórnarinnar verið mjög samstíga um hagsmuni kvikmyndaframleiðenda á Íslandi og að byggja upp stærri og betri kvikmyndaiðnað. Á fundinum í dag verður kosið um 3 af 7 stjórnarmönnum til tveggja ára.

Sem fyrri ár, eru krefjandi verkefni framundan og verður unnið að þeim undir hatti Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins. Það sem mestu máli skiptir er að unnið sé að aukningu á fjárframlögum til kvikmyndagerðar á Íslandi og hefur stjórn SÍK lagt fram tillögur um að fá meiri breidd í baráttuna. Best væri, til að slagkrafturinn sé sem mestur, að öll þrjú félög kvikmyndagerðarmanna tækju sig saman ásamt sjónvarpsstöðvum, KMÍ og náttúrulega SI að þrýsta sameiginlega á nýja ráðherra um aukið fé í málefni greinarinnar. Með samstöðu tekst okkur betur að tryggja hag okkar allra.

Reykjavík, 31. maí 2018

#### **Stjórn SÍK**

*Kristinn Þórðarson*

*Guðrún Edda Þórhannesdóttir*

*Hilmar Sigurðsson*

*Lilja Snorradóttir*

*Guðbergur Davíðsson*

*Hlín Jóhannesdóttir*

*Júlíus Kemp*